

Ár 1991, miðvikudaginn 5.júní, var í málinu nr. 1/1991 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

#### Ú R S K U R Ð U R:

Þann 22.janúar 1991 barst Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi kæra, dags. sama dag, undirrituð af Hermanni Guðjónssyni fyrir hönd eigenda Áss 2 og 3 í Ásahreppi í Rangárvallasýslu.

"Ég undirritaður óska eftir að mat á matshluta 03 og 04 á jörðinni Ás 2 og matshluta 03 og 04 á jörðinni Ás 3, Ásahreppi, Rangárvallasýslu, verði tekið til yfirmats miðað við 1.desember 1988 þar sem húsin eru öll ónýt."

Kæran tekur til fasteignamats eftирgreindra eigna miðað við 1.desember 1988:

1) Ás 2, hesthús(03)	fm. kr. 28.000,-
2) Ás 2, hlaða(04)	fm. kr. 30.000,-
3) Ás 3, fjós(03)	fm. kr. 247.000,-
4) Ás 3, hlaða(04)	fm. kr. 160.000,-

Upplýst er að á jörðunum Ási 2 og Ási 3 hefur ekki verið rekinn búskapur síðan vorið 1981 og eru þær því kvótalausar.

Vettvangsganga fór fram að Ási 2 og 3 þann 2.apríl 1991 að viðstöddum umboðsmanni kærenda og voru framangreindar eignir, sem kæran tekur til, skoðaðar.

Hesthús og hlaða að Ási 2 er talið byggt um 1944 og er steinsteypt í veghæð en stafnar og þak úr timbri og járnklætt. Nokkurt vatn var á hlöðugólf, að því er talið var vegna ónógs viðhalds á framræsluskurðum. Ástand hússanna er lakklegt en þó bæði nothæf að kalla.

Hlaða og fjós að Ási 3 eru talin byggð 1957 og 1958. Hlaðan er steinsteypt og þak klætt bárujárn. Útveggir hlöðunnar, þeir sem vísa að jarðfyllingu eru illa sprungnir og hafa verið steyptar spyrnur innan við veggina til að koma í veg fyrir frekari skemmdir eða hrun.


Fjósið er steypt úr rauðamöl, raflýst og klætt í loft. Ástand hússins er gott miðað við aldur.

Pótt fullvirðisréttur sé ekki talinn vera fyrir hendi eru ýmis önnur landbúnaðarnot heimil og möguleg þarna. Jarðirnar eru vel í sveit settar og stutt frá hringvegi nr.1. Umrædd hús eru því einnig talin verömæt til ýmissa annarra nota en landbúnaðarnota. Ástand hússanna þykir ekki gefa ástæðu til breytinga á mati framangreindra húsa, nema hlöðunnar að Ási 3, sem þykir hæfilega metin á kr.100.000,- miðað við fasteignamat það sem tók gildi 1.desember 1988.


## ÚRSKURÐARORD:

Framangreind möt að Ási 2 á hesthúsi og hlöðu kr.28.000,- og kr.30.000,- skulu standa óbreytt. Ennfremur skal standa óbreytt matsverð á fjósi að Ási 3 kr.247.000,- en fasteignamat á hlöðunni að Ási 3 telst vera hæfilegt kr. 100.000,-

Allar framangreindar matstölur eru miðaðar við fasteignamat það sem tók gildi þann 1.desember 1986.



Pétur Stefánsson

  
Árni Stefánsson  
Andrés Svanbjörnsson